



15. nóvember 2022

**Efni:** Varðar fyrirspurnir frá Árna Rúnari Þorvaldssyni á fundi bæjarstjórnar þann 26. október 2022.

## **1. Hversu mörg börn á leikskóla- og grunnskólaaldri njóta ekki skólagöngu í bænum sem eiga rétt á því?**

Ekkert barn sem sótt hefur um grunnskólavist er nú á biðlista.

21 leikskólabarn er á biðlista eftir leikskóla.

## **2. Hversu margir flóttamenn njóta alþjóðlegrar verndar og eru búsettir í Hafnarfirði?**

Flóttafólk fær dvalarleyfi á grundvelli alþjóðlegrar verndar, mannúðar eða fjölskyldusameiningar. Í svari mínu geri ég ráð fyrir að átt sé við allar tegundir dvalarleyfa en ekki eingöngu á grundvelli alþjóðlegrar verndar. Í Hafnarfirði eru 312 manns á fullorðinsaldri með skráða búsetu og 288 eru virk mál. 133 eru óstaðsett í hús.

## **3. Hversu margir umsækjendur um alþjóðlega vernd eru búsettir í Hafnarfirði?**

Samkvæmt búsetulistum frá þeim úrræðum sem hýsa umsækjendur um vernd eru 370 til 380 manns sem ættu að vera með dvalarstað í Hafnarfirði. Þess eru þó dæmi að barnmargar fjölskyldur séu í herbergi/íbúð saman og þá skapast rými til að hýsa fleiri. Þess ber að geta að hlutfall milli umsækjenda og þeirra sem fengið hafa dvalarleyfi er breytilegt, þar sem fólk sem hefur fengið stöðu flóttamanns fær að dvelja í úrræðum VMST í allt að 8 vikur á meðan fundin er framtíðarbúseta hjá sveitarfélagi.

## **4. Hversu margir Hafnfirðingar af erlendum bergi brotnir njóta íslenskukennslu fyrir atbeina Hafnarfjarðarbæjar?**

Fjölskyldu og barnamálasvið getur aðeins svarað fyrir flóttafólkið. Ekkert flóttafólk fyrir utan börn sem sækja grunnskóla og framhaldsskóla njóta íslenskukennslu fyrir atbeina Hafnarfjarðarbæjar. Vinnumálastofnun er með samning við ríkið um að sinna íslenskukennslu fullorðinna og er tilvísun vegna slíkra námskeiða nú afgreidd í viðtali hjá Fjölmenningarsetri.

Á þessu skólaári er ein 21 kennarastaða við grunnskóla að kenna íslensku sem annað tungumál fyrir börn af erlendu bergi. Þessu til viðbótar eru 5 stöður í Bjargi, móttökudeild fyrir nemendur á grunnskólaaldri í leit að alþjóðlegri vernd.

Í leikskólum er íslenskukennsla mikið til samofin leikskólastarfinu og erfiðara að áætla hversu mörg stöðugildi eða tímafjöldi fara í það.



# Hafnarfjörður

**5. Hversu mörg fylgdarlaus börn á flóttu eru búsett í Hafnarfirði og njóta þjónustu bæjarins?**

Á ábyrgð Hafnarfjarðar eru 5 ungmenni sem komu í ólöglegri fylgd og eitt ungmenni án fylgdar.